» 3. Hversu stóran hluta kvóta er eðlilegt að nota til potta, eða jöfnunaraðgerða?
Ásættanlegt það sem nú er.

» 4. Er nauðsyn að þingið ljúki breytingum á þessu vorþingi þannig að ný lög taki gildi fyrir nýtt fiskveiðiár, 1. september í haust?
Það væri æskilegt, þannig sjá menn betur til framtíðar og þurfa ekki stöðugt að hafa áhyggjur af því hvað taki við. Hér verður þó að vanda til allra verka þar sem málefnið er afar viðkvæmt og vandmeðfarið.

» 5. Annað?
Nema þarf úr gildi heimildir til veiða með flottrolli innan 50 sjómílna. Friða þarf grunnslóðina fyrir dragveiðafærum - þar verði friðland og eingöngu heimilt að veiða bolfisk með kyrrstæðum veiðafærum (handfæri, lína og net).